



1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingar og afnota af gámasvæði í Húnabyggð er sem hér segir:

1.1 Á hverja íbúð í og á lögbylí eða íbúðarhús sem hirt er á 21 dags fresti:

Sorphirðugjald	49.210kr.
Sorpförgunargjald	49.210kr.
Samtals:	98.420kr.

Þar sem eru stærri tunnur en 240 lítra þá eru gjöldin eftirfarandi:

660 lítra tunna	196.850kr.
1.100 lítra tunna	309.550kr.

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti fyrir almennt sorp og einu 240 lítra sorpíláti fyrir pappír á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða 98.420kr. fyrir hvert viðbótar 240 lítra sorpílát.

1.2 Fyrir sumarhús, 38.420kr. sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

1.3 Fyrir hesthús og gripahús í þéttbýli, 38.420kr. á hús enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

Fyrir hverja heimsókn á lögbylí til að sækja heyrúlluplast til förgunar eru greiddar 14.000kr. auk virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddöku sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjalddöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir og þarf úrgangsflokkur að vera staðfestur af starfsmanni á gámasvæði.

Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 2.160kr. með vsk. Þeir sem koma með úrgang á gámasvæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

Stærð farms:	0,25m ³	0,50m ³	0,75m ³	1m ³
Gjald	2.550kr.	5.100kr.	7.650kr.	10.200kr.

Stærri farmar eftir magni að 5m³, reiknað út frá 1m³ gjaldi. Þegar um stærri farma er að ræða (5-10m³) þarf að semja sérstaklega um móttöku þeirra.

Gjaldskrá úrgangsmála í Húnabyggð



	Gjaldskýlt frá heimilum	Gjaldskýlt frá rekstraraðilum
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já
Tímbur – þar með talið ljós-/hvítmálað eða plasthúðað frá framkvæmdum	Já	Já
Húsgögn, bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Já	Já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum (t.d. steinefni, steypubrot o.s.frv.)	Já	Já
Blandaður úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h.	Nei	Já
Gler (bílrúður, rúðugler o.s.frv.)	Já	Já
Jarðvegur (mold, möl, sandur o.þ.h.)	Já	Já
Garðaúrgangur (gras, hey, laufblöð o.þ.h.)	Já	Já
Tré og trjágreinar	Já	Já
Brotajárn og málmar	Já	Já
Raftæki (rafhlöður, heimilistæki, kaplar o.þ.h.)	Nei	Já

Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla. Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Húnabyggðar 15. desember 2025 á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð.

Blönduósi 15. desember 2025


Pétur Arason, sveitarstjóri

